

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness 5. desember 2006 í máli nr. E-407/2006:

**Hjörtur Smárason**

**Inga Rós Antoníusdóttir**

*(Eyvindur G. Gunnarsson hdl.)*

**gegn**

**Rúnari Karlssyni**

*(Ásgeir Björnsson hdl.)*

**Kristjáni Sveini Kristjánssyni og**

*(Jón Höskuldsson hdl.)*

**Vátryggingafélagi Íslands hf**

**til réttargæslu**

*(Anna Dögg Hermannsdóttir hdl.)*

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. nóvember sl. um kröfu stefnda Rúnars Karlssonar um frest til öflunar yfirmats, er höfðað 28. og 29. febrúar 2006.

Stefndur eru Hjörtur Smárason og Inga Rós Antoníusdóttir, bæði til heimilis að Fífuvöllum 14, Hafnarfirði.

Stefndu eru Rúnar Karlsson, Lækjargötu 34e, Hafnarfirði og Kristján Sveinn Kristjánsson, Suðurbraut 5, Kópavogi.

Vátryggingafélagi Íslands hf. er stefnt til réttargæslu.

Í stefnu gerðu stefndur þær dómkröfur aðallega að stefndu yrði gert að greiða þeim in solidum 4.156.009 krónur í skaðabætur. Til vara að stefndu yrði in solidum gert að greiða 3.126.300 krónur í afslátt og til þrautavara aðra lægri fjárhæð í skaðabætur og/eða afslátt að mati dómsins. Í öllum tilvikum var krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af dæmdri fjárhæð frá 20. febrúar 2006 til greiðsludags. Þá var krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur á hendur

réttargæslustefnda.

Í þinghaldi 27. október lýsti lögmaður stefnenda því yfir að stefnendur féllu frá kröfum um afslátt úr hendi stefnda Kristjáns.

Stefndi Rúnar krefst aðallega sýknu af kröfum stefnenda en til vara að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar. Þá krefst hann þess að honum verði heimilað að reisa vegg þann er getið sé um í matslið nr. 18 í matsgerð og að klára allt sem hugsanlega kunni að vera ógert og honum tilheyri. Þá krefst hann þess, fari svo að dómurinn telji hann greiðsluskyldan að einhverju leyti, að til skuldajafnaðar hugsanlegum greiðslum komi allt að 2.138.000 krónur. Ekki eru af hans hálfu gerðar kröfur í frávisunarþætti málsins.

Stefndi Kristján krefst þess aðallega að kröfum á hendur honum verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður, en að því frágengnu að kröfur á hendur honum verði lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar.

I.

Í þinghaldi 29. nóvember sl. óskaði stefndi Rúnar Karlsson eftir stuttum fresti til að leggja fram yfirmatsbeiðni og jafnframt að málinu yrði í framhaldi frestað þar til niðurstaða yfirmats lægi fyrir. Stefnendur mótmæltu kröfunni og kröfðust úrskurðar um ágreininginn. Meðstefndi tók undir sjónarmið stefnda Rúnars en gerði ekki sérstaka kröfu í því sambandi.

Stefndi Rúnar byggir kröfu sína um frestun málsins einkum á því að þó matsgerð hafi legið fyrir í upphafi árs hafi samningaviðræður staðið yfir milli aðila framan af og því ekki efni til að fara út í kostnaðarsama gagnaöflun. Þá hafi frávisunarþáttur málsins fyrst verið útkljáður þann 8. nóvember sl. og í því þinghaldi hafi málinu verið frestað til frekari gagnaöflunar.

Stefnendur telja að synja eigi um umbeðinn frest til yfirmats þar sem slík beiðni sé allt of seint fram komin. Matsgerð hafi legið fyrir í janúar á þessu ári og stefndi hafi haft tæk á því síðan þá að óska yfirmats hefði hann hug á því. Þá vísa stefnendur til þess að stefndi Rúnar hafi ekki haft uppi frávisunarkröfu í málinu og honum hafi því ekki verið nauðsyn að bíða úrlausnar þess þáttar. Stefnendur telja að ekki séu forsendur til að fresta máli þessu frekar enda eigi þau rétt á að málið gangi fram með eðlilegum hraða.

II.

Mál þetta var þingfest 1. mars 2006 og var úthlutað til dómara að fram komunum greinargerðum stefndu 10. maí sama ár. Var fyrst þingað í málinu 29. sama mánaðar og leitaði dómari þá sátta án árangurs. Að því loknu var málinu frestað til munnlegs málflutnings um frávisunarkröfu stefnda Kristjáns til 11. september sl. Þann dag var málið flutt um nefnda frávisunarkröfu og tekið til úrskurðar. Vegna forfalla þess dómara sem með málið fór varð ekki kveðinn upp úrskurður í kjölfar þessa og var málinu úthlutað til annars dómara 20. október sl. og það flutt að nýju, eins og nauðsynlegt var, um frávisunarkröfuna sjö dögum síðar og tekið til úrskurðar að nýju. Úrskurður var kveðinn upp þann 8. nóvember sl. þar sem frávisunarkröfu var hafnað. Var málinu frestað þann dag til frekari gagnaöflunar til 29. nóvember sl.

þegar stefndi Rúnar óskaði eftir framangreindum fresti.

Samkvæmt framansögðu hafa tafir sem orðið hafa á framgangi máls þessa ekki stafað af atvikum sem varða aðila málsins og þá ekki stefnda Rúnar. Þykir verða að telja það eðlilegan framgang máls að málsaðilar bíði, sér að meinalausu, úrlausnar fram kominnar frávísunarkröfu áður en þeir ákveða hvort ráðist verður í frekari gagnaöflun, sér í lagi þegar um er að ræða gagnaöflun, sem hefur í för með sér umtalsverðan kostnað. Verður að telja að fyrst eftir að frávísunarkrafa hefur fengið úrlausn liggja málið fyrir í þeim farvegi sem það verður flutt í, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þykir ekki skipta höfuðmáli í þessu sambandi að stefndi Rúnar krafðist ekki sjálfur frávísunar. Þá verður talið að stefnda Rúnari hafi ekki, eins og framvinda máls þessa hefur verið, gefist nægilegur frestur til að afla gagna í skilningi 2. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991.

Verður því samkvæmt framansögðu fallist á kröfu stefnda Rúnars um stuttan frest til framlagningar yfirmatsbeiðni.

Halldór Björnsson settur héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fallist er á kröfu stefnda Rúnars Karlssonar um að máli þessu verði frestað til framlagningar yfirmatsbeiðni til þriðjudagsins 12. desember nk. kl. 15:00.

Halldór Björnsson